

Reglugerð um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2208 um að bæta Breska konungsríkinu við sem þriðja landi þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á sendingum af heyi og hálmi er heimilaður.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2208 frá 22. desember 2020 um að bæta Breska konungsríkinu við sem þriðja landi þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á sendingum af heyi og hálmi er heimilaður.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2208, sem nefnd er í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við þessa reglugerð.

3. gr.

Matvælastofnun annast eftirlit samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995, um matvæli, lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, öll með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. janúar 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Íðunn Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.

[Hlekkur á reglugerð með fylgiskjali á PDF formi.](#)

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.